

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Jórvík 1, áfanga 2 og Björkurstykki III.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 17. september 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Jórvík 1, áfanga 2 og Björkurstykki III á Selfossi. Deiliskipulagið felur í sér að lóðir eru afmarkaðar og byggingarreitir fyrir íbúðarbyggð eru skilgreindir ásamt því að settir eru skilmálar fyrir uppbyggingu íbúðarsvæðis innan reita ÍB25 og ÍB47 í skilgreiningu aðalskipulags Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Íbúðarbyggðin er í meginatriðum lágrest með einnar hæðar sérbýlishúsum, tveggja hæða tví- og fjórþýlishúsum og allt að 6 hæða fjölþýlishúsum ásamt þjónustulóðum. Gert er ráð fyrir allt að 1.200 íbúðum. Aðkoma fyrir akandi umferð verður frá Suðurhólum, Hólastekk og að Jórvík 1, 2.áfanga, í gegnum núverandi byggð í Jórvík 1.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 25. nóvember 2025.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 26. nóvember 2025